
Anatómía sálarinnar



Ragnhildur Stefánsdóttir – Fortíð, nútíð, framtíð, 1999. DV-mynd Teitur

Myndlist

Áslaug Thorlacius

Mannslíkaminn er eitt af sígildum viðfangsefnum myndlistarinnar. Menn hafa frá upphafi spreytt sig á formum hans og módelið hefur alltaf verið lykilatriði í þjálfun myndlistarmannsins enda hlýtur tilfinningin fyrir eigin líkama í samhengi við nánasta umhverfi að vera undirstaða þroskaðs form- og rúmskyns. En mannslíkaminn er ekki einungis vel fallinn til æfinga, hann er enn í dag efniviður í listaverk þrátt fyrir að hafa þjónað því hlutverki í mörg þúsund ár. Til vitnis um það er sýning Ragnhildar Stefánsdóttur sem þetta vorið er gestur Listasafns Reykjavíkur í Ásmundarsafni í Laugardalnum. Á sýningunni Form skynjana eru reyndar ekki eingöngu verk eftir Ragnhildi því hún hefur einnig fengið að velja úr verkum Ásmundar til sýningar. Við valið hefur hún tekið mið af sínum eigin verkum, snertiflöturinn á milli þeirra er augljósastur í ysta salnum í einföldum og beinskeyttum styttum sem miðla tilfinningum á mjög skýran hátt. Hér verður þó látið nægja að fjalla um verk Ragnhildar.

Yfirskrift sýningarinnar segir heilmikið um innihald verka hennar en þau eru einmitt tilraunir til að efnisgera hugsanir, skynjanir og tilfinningar, að gera sálina líkamlega. Í tilraunum sínum fer hún fleiri en eina leið. Stundum opnar hún líkamann og skyggnist inn fyrir, sjálfar tilfinningarnar eða taugaboðin eru uppistaðan í sumum verkunum, í enn öðrum steypir hún tilfinninguna sjálfa í formi líkama sem hún sneiðir niður og teygir á með endurtekningum eða pressar saman með því að fjarlægja ákveðna hluta.

Samhljómurinn í heildinni

Ragnhildi tekst afar vel að sameina andstæður í eina heild, mýkt og hörku, gamalt og nýtt, huglægt og hlutlægt. Hún blandar m.a. ævafornum hugmyndum austurlenskrar heimspeki saman við nútíma læknisfræði og notar efni með ólíka eiginleika, ósveigjanlegt, brothætt gifs og latexgúmmí sem hægt er að toga og teygja án þess að það glati forminu. Áherslan er samt ekki á áreksturinn milli andstæðnanna heldur samhljóminn í heildinni og á það bæði við um efni verkanna og innihald.

Þetta eru raunsæ verk að því leyti að þau eru afsteypur af lifandi líkömum eða sannfærandi eftirmyndir innyfla og líffæra, æða og tauga. Þó er ég ekki viss um að gúmmítilfinningarnar, hugsanirnar og taugaboðin tilheyri öll hefðbundinni anatómíu.

En þó sum verkin séu svona vísindaleg í aðra röndina á það ekki við um öll. Litlu augnablikin úr fortíð, nútíð og framtíð eru t.d. mun nær ljóði en tilraun. Líkaminn hefur löngum þótt fullkominn í hlutföllum sínum og hér er ekki síður fallegt það sem sjaldnast er sjáanlegt, þarmar, nýru, móðurlíf, hjarta, heili.


Þetta er falleg sýning og innihaldsrík. Hvítt gifsið og gagnsætt gúmmíið njóta sín vel í birtunni í þessum fallegu hvítu sölum. Tónninn er jákvæður og uppbyggilegur, byggir á nánast trúarlegri sannfæringu um að efni og andi séu aðeins tvær birtingarmyndir á sama fyrirbæri. Þessi sannfæring er ekki merkt neinum sérstökum trúarbrögðum heldur samsett af skynsemi úr bestu hugmyndum sem völ er á. Ekki er heldur um beint trúboð að ræða en þar sem sannfæringin snýst um umhyggju og virðingu fyrir manneskjunni á hún ábyggilega heilmikið erindi við okkur öll.

Því fylgir bæði vegsemd og vandi að sýna í Ásmundarsafni ásamt meistaranum sjálfum. Ragnhildur er þeim vanda vel vaxin.

Kæri brjálæðingur !



Stjórnleysingi ferst af slysförum er pólitísk háðsádeila, rituð á miklum umbrotatímum í ítölsku þjóðfélagi. En þó að kveikjan að verkinu sé dauðans alvara beitir Dario Fo að vanda gamansemi og ýkjum til þess að koma ádeilunni á framfæri. Þetta minnir óneitanlega á aðferð Robertos Begninis í verðlaunamyndinni *Lífið er dásamlegt*, enda byggja báðir á aldagamalli leikhúshefð. En sá er munurinn að ádeilan í *Stjórnleysingjanum* er harðskeytt og bein og lítið farið út í aðra sálma. Sá sálmur sem þar er kveðinn fjallar um tiltekinn atburð í Mílanó 1970 þegar járnbrautarstarfsmaður og anarkisti, Pinelli að nafni, var handtekinn vegna gruns um aðild að sprengjutilræði. En í miðjum yfirheyrslum hjá lögreglunni vildi það „óhapp" til að hann féll út um glugga og beið bana. Sjálfsmorð? Slys? Eða var honum hjálpað?



Úr „Stjórnleysingi ferst af slysförum": Ari Matthíasson, Halldór Gylfason og Eggert Þorleifsson, DV-mynd Teitur

Leiklist

Auður Eydal

Í leikritinu birtist skömmu síðar einkennilegur fýr á stöðinni. Hann hefur margsinnis villt á sér heimildir, enda segist hann sjálfur vera með hlutverkadellu. Vitgrannar löggurnar hafa auðvitað ekki roð við honum. Áður en varir er hann búinn að plata þá upp úr skónum og þykist vera dómari kominn til að rannsaka afdrif stjórnleysingjans.

Eggert Þorleifsson er í essinu sínu í hlutverki brjálæðingsins. Hann bregður sér í ýmissa kvikinda líki og slær hvergi af. Hæfileikar hans sem gamanleikara njóta sín hér í leikstíl með stórum og ýktum áherslum, þó að ekki hefði skaðað að dempa aðeins og draga úr látunum í upphafi, þegar brjálæðingurinn er „bara" réttur og sléttur brjálæðingur. Þessi persóna er málpípa höfundarins og með því að leggja honum orð í munn kemur Dario Fo á framfæri gagnrýni á yfirvöld sem ekki hefði verið möguleiki að sleppa frá heilskinna með öðru móti.

Ýkjur og fáránleiki

Aðrir leikendur eru á sama róli. Ari Matthíasson og Björn Ingi Hilmarsson leika vitgrannar löggur og er framganga þeirra byggð á tilburðum ameríska kvikmyndaleikara. Þeir skila þessum manngerðum með ágætum og ráða báðir vel við farsaleikinn. Þriðji lögvörðurinn er meira í baksýn og hefur ekki fengið sama tækifæri til að skapa sér persónu. Hann er þó ágætlega fyndinn í sínum takmörkuðu tilburðum.

Grínið byggist númer eitt á ýkjum og fáránleika og Hilmar Jónsson leikstjóri hefur gott auga fyrir heildarsvip og fjörugu rennsli. Í samvinnu við Finn Arnar Arnarsson er leiksviðið þrengt og sköpuð tilfinning fyrir litlum og þröngum rannsóknarherbergjum en um leið má á baksviði sjá húsið utan frá, þar sem stjórnleysinginn hrekkur á viðeigandi augnablikum út um glugga. Hraði og alls konar fáránlegar uppákomur gefa verkinu yfirbragð farsans og ekkert má klikka í samhæfingu. Þessir hlutir voru komnir á sæmilegt skeið á frumsýningu og flestir fundu sig í hlutverkunum. Útlit og gervi leikenda er kapítuli út af fyrir sig. Þar er kirfilega undirstrikaður aulaháttur löggæslumannanna og týpurnar eru forkostulegar. Þó má setja spurningarmerki við guðföður-útlitið á Gísla Rúnari Jónssyni í hlutverki lögreglustjórans, sem vissulega var afbragðsfyndið, en hefti um leið sjálfstæða persónusköpun leikarans.

Lipur og þjál þýðing textans er verk Halldóru Friðjónsdóttur en Hilmar Jónsson leikstjóri og leikhópurinn útfærðu verkið og skáru burt ýmislegt af staðbundnu efni.

Það má spyrja hvort *Stjórnleysingi ferst af slysförum* sé endilega það verk eftir Dario Fo sem höfði mest til áhorfenda en hinu er ekki að neita að ýmislegt í verkinu er tímalaust og vekur upp áleitnar spurningar um valdníðslu og yfirhylmingu.

Leikfélag Reykjavíkur sýnir á Stóra sviði Borgarleikhúss: Stjórnleysingi ferst af slysförum eftir Dario Fo.

Leikstjóri Hilmar Jónsson, þýðing Halldóra Friðjónsdóttir, hljóð Ólafur Örn Thoroddsen, lýsing Lárus Björnsson, tónlist Margrét Örnólfsdóttir, gervi Sigríður Rósa Bjarnadóttir, búningar Stefanía Adolfsdóttir, leikmynd Finnur Arnar Arnarsson.

Ný þýðing á Karen Blixen



Tími Karenar Blixen er svo sannarlega kominn og enn er hann ekki liðinn því ekki linnir útgáfum á verkum hennar, þekktum sem lítt þekktum, víða um heim. Uglan – íslenski kiljuklúbburinn – hefur nú sent frá sér bók hennar, *Skugga í grasi*, sem ekki hefur áður komið út á íslensku. Í henni er að finna sagnaþætti um ýmsar þær persónur sem komu fyrir í *Jörð í Afríku* en með öðrum formerkjum.

Bókin kom út árið 1960, tveimur árum áður en Karen Blixen lést, og er að öllu leyti sjálfstætt verk. Öðrum þræði er um að ræða minningar um liðna tíð í Afríku sem hún magnar síðan með því að lýsa viðhorfum sínum til siðmenningar tveggja heima og þess siðgæðis sem ræður orðum og athöfnum manna. „Samanburðurinn á veröld Afríku og Evrópu er fullur af ísmeygilegri glettni en umfram allt skáldlegur vitnisburður um þá miklu og fornu menningu við miðbaug sem blés skáldkonunni dönsku sagnaranda í brjóst," segir í kynningu. Gunnlaugur R. Jónsson þýddi bókina.

Tvær hliðar veflistar


Í síðustu viku var opnuð alþjóðleg sýning á listvefnaði í Lochem í Hollandi undir nafninu *Near Distance*. Sýningin, sem sett er upp í tilefni aldarloka, kappkostar að sýna „tvær hliðar veflistar í ólíkum menningarsamfélögum" í fortíð, nútíð og framtíð. Annars vegar er sýndur gamall vefnaður af söfnum víðs vegar um heim, m.a. af Þjóðminjasafni Íslands, hins vegar nútímaveflist sem sýnir hvernig listvefarar hafa nýtt sér efnisnotkun og tæknibrögð hinna gömlu hefða. Íslensku þátttakendurnir í sýningunni eru þau Ólöf Einarsdóttir, Auður Vésteinsdóttir og Þorbjörg Þórðardóttir (á mynd) en þær tvær síðastnefndu reka listhúsið Meistara Jakob á Skólavörðustíg 5 ásamt nokkrum öðrum listamönnum. Sýningunni í Hollandi lýkur þann 1. maí nk.

Byggðastofnun vill ekki Listaskálann

Á undanförnum vikum hefur verið altalað á Suðurlandi að helstu menningarfrömuðir sjálfstæðismanna á þeim slóðum, Árni Johnsen og Knútur Bruun, reru nú að því öllum árum að láta ríkið, helst Byggðastofnun, kaupa upp Listaskála Einars Hákonarsonar í Hveragerði og breyta honum í „menningarhús" fyrir héraðið. Áhvílandi skuldir á skálanum eru sagðar rúmlega 90 milljónir með vöxtum.

Í samtali við DV í gær aftóku hins vegar forstjóri Byggðastofnunar, Guðmundur Malmquist, og stjórnarformaður, Egill Jónsson alþingismaður, að stofnunin hefði nokkur áform uppi um að leysa til sín skálann. „Þetta er tóm tjara" sagði Egill á Seljavöllum.

Bókin lifi!



Nú fer í hönd ein helsta bókavika þjóðarinnar, að undanskilinni síðustu vikunni fyrir jól. Félag íslenskra bókaútgefenda og fleiri aðilar beita sér fyrir alls konar uppákomum sem til samans eiga að halda á lofti merki bókarinnar og hvetja til bókakaupa og bóklestrar. Sérstök *Bókatíðindi vorsins* hafa verið gefin út í 65 þúsund eintökum en þar eru kynntar þær 90 bækur sem komið hafa út frá áramótum, 8000 eintök hafa verið gefin út af gjafabók,*Þrisvar þrjár sögur*, sem geymir níu áður óbirtar smásögur eftir jafnmarga höfunda. Þessar sögur eru ekki merktar og fá lesendur verðlaun fyrir að giska rétt á hverjir eru höfundar. Plastpokar með áprentuðum íslenskum ljóðum hafa verið framleiddir utan um bókakaup landsmanna en ljóðin völdu formenn þeirra fimm stjórnmálaflokka sem bjóða fram á landsvísu. Prentsmiðjan Oddi mun gefa öllum 10. bekkingum grunnskóla bækur við útskrift í vor og loks verður gert uppskátt um valið á Bók aldarinnar sem landsmönnum gafst kostur á að taka þátt í fyrir skömmu. Og svo framvegis...

Umsjón

Aðalsteinn Ingólfsson